

FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

239. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 3. júlí 2014, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Guðjón Þórarinn Loftsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Sigurður Kjartansson.

Embættismenn:

Sigurbjartur Halldórsson, sviðsstjóri framkvæmda og umhverfissviðs
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Eik Skúladóttir

Formaður setti fund og bauð nýtt skipulags- og umhverfisráð velkomið til starfa.

Dagskrá:

1. Erindisbréf skipulags- og umhverfisráðs.
2. Ákvörðun um fastan fundartíma skipulags- og umhverfisráðs.
3. Erindi: Grunnskóli Húnaþing vestra ln.144395, breyting á innra skipulagi.
4. Erindi: Þórðartröð 8, ln.193920, hesthús, viðbygging.
5. Erindi: Sandvík 10, ln.144551, viðbygging við frístundarhús.
6. Erindi: Brekkulækur ehf, ln. 217343, fyrirspurnarteikning vegna hesthús og vélageymslu.

Tekið á dagskrá:

7. Erindi: Neðri-Þverá, ln.193433, stækka anddyri, byggja útipall, geymslur og bílgeymslu.
8. Erindi: Gottorp, ln.144534, byggja sumarbústað.

Afgreiðslur:

1. Formaður lagði fram tillögu um að Guðrún Eik Skúladóttir verði fundarritari ráðsins. Tillagan samþykkt. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs bauð nýtt skipulags- og umhverfisráð velkomið til starfa og afhenti og kynnti fundarmönnum erindisbréf fyrir skipulags- og umhverfisráð ásamt skipuriti, samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, siðareglur kjörinna fulltrúa og starfsmannastefnu.
2. Samþykkt að fastur fundartími skipulags- og umhverfisráðs verði fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði, kl 17:00.
3. Grunnskóli Húnaþing vestra, ln.144395, Bjarni Þór Einarsson f.h. Húnaþing vestra, kt. 540598-2829, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 24. júní 2014, um leyfi til að breyta innra skipulagi grunnskólans á Hvammstanga vegna breyttra starfshátta, skv. uppdráttum gerðum af Bjarna Þór Einarssyni byggingatæknifræðingi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
4. Þórðartröð 8, ln.193920, Elvar Logi Friðriksson, kt. 300884-3979, Fífusundi 11, 530 Hvammstanga, sækir með erindi dags. 23. júní 2014 um leyfi til að byggja við hesthús sitt, skv. uppdráttum gerðum af Hauki Árnasyni byggingatæknifræðingi. Samþykki nágranna liggur fyrir. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.

5. Sandvík 10, lnr.144551, Magnús Sigurðsson, kt.010450-3579, Dragavegi 9a, 104 Reykjavík, sækir með erindi dags. 19. júní 2014 um leyfi til að byggja við sumarbústað sinn úr timbri með risþaki, samkv. uppdráttum gerðum af Höllu Haraldsdóttir Hamar arkitekt. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
6. Brekkulækur B ehf-fyrirspurn, ln.217343, Arinbjörn Jóhannesson, kt. 050350-7469, Brekkulæk, 531 Hvammstanga, sendir fyrirspurn dags. 1. júlí 2014, hvort leyfi fengist til að byggja hesthús og vélageymslu á jörðinni Brekkulækur B. Skipulags- og umhverfisráð tekur vel í fyrirspurnina.
7. Neðri-Þverá, ln.193433, Björk Sigurðardóttir, kt. 110963-2119, Hlyngerði 3, 108 Reykjavík. Sækir með erindi dags. 1. júlí 2014, um leyfi til að byggja við mh.01, stækka anddyri og framlengja þak yfir útíþall/verönd og mh.02, byggja bílgeymslu og geymslur (tveir 20 feta gámar klæddir að utan með timbri/timburgrind), úr timbri með risþaki, samkv. uppdráttum gerðum af Jóni Guðmundssyni arkitekt. Skipulags- og umhverfisráð frestar afgreiðslu erindisins og óskar eftir fullnægjandi gögnum.
8. Gottorp, ln.144534, Einar Hjaltason, kt. 050555-3489, Vesturvangur 30, 220 Hafnarfirði, sækir með erindi dags. 2. júlí 2014, um leyfi til að byggja sumarbústað úr timbri með risþaki, skv. meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Sveini Björnssyni, byggingafræðingi. Meðfylgjandi er bréf dags. 30. júlí 2012 þar sem umsækjanda er veitt fullt umboð til að reisa frístundarhús á jörðinni Gottorp skv. meðfl. teikningum. Slökkviliðsstjóri bendir á að stærð björgunaropa skal vera samkv. grein 9.5.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn og að kröfum slökkviliðsstjóra verði fullnægt.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Pétur Arnarsson

Guðjón Þórarinn Loftsson

Guðrún Eik Skúladóttir

Sigurður Kjartansson

Sigurbjartur Halldórsson
sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs

Guðrún Ragnarsdóttir
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs